Stjórn foreldrafélags Helgafellsskóla og árgangafulltrúar

Haustfundur 7.okt kl. 20.00

Upphaf fundar	1
Styrkir til árganga	1
7.bekkur	1
Halloween	1
Fjáröflun hjá elstu bekkjum	1
Einstök atvik sem hafa komið upp nýlega	2
Vinahópar	2
Gangbrautarvarsla	2
Fyrirlestrar	2

Upphaf fundar

Lea og Sunna úr stjórn foreldrafélags stýrðu fundi. Hátt í 15 árgangafulltrúar mættu og Ólafur úr stjórn foreldrafélags.

Styrkir til árganga

Leikskóladeildin fær líka 10þús kr styrk á hvorri önn til að gera eitthvað saman, hver og ein deild

7.bekkur

Vantar enn árgangafulltrúa í 7.bekk - verðum að fá kennarana til að hjálpa við að skipa í þær stöður, því þau þurfa að fara í fjáröflun - tala við Rósu

Halloween

Árgangafulltrúar þurfa að grípa boltann ef kennarar treysta sér ekki sjálfir til að kaupa Halloween skreytingar. Foreldrafélagið sendir á Rósu og fær hana til að koma upplýsingum til kennaranna. Leikskóladeildin kaupir öll saman - upphæð?

Fjáröflun hjá elstu bekkjum

Ferðir hjá eldri - 6., 7. og 8. bekkur þurfa allir að fara í fjáröflun. Líka 9. bekkur fljótlega, fyrir útskriftarferðinni sinni í 10.bekk.

Er 9.bekkur búinn/byrjaður að safna fyrir Laugum? Ef ekki þurfa þau líka að fara í fjáröflun strax. Hvenær er ferðin á Laugar?

Hvaða árgangur fær að sjá um kaffisöluna á jólaskemmtuninni? (6. og 7.bekkur þurfa að safna fyrir sinni 7.bekkjarferð). Líklegast best að halda í hefðina að 6.bekkur fái þessa kaffisölu og foreldrafélagið þarf að finna aðra leið til að styðja við 7.bekkinn í sinni fjáröflun.

Kaffisala á viðtalsdegi - Rósa samþykkti þessa hugmynd. Fá sponsa.
Pæling að leyfa 8.bekk núna að fá hana, þar sem þau fengu heldur enga kaffisölu fyrir sinni 7.bekkjarferð, sem þau eru að fara í núna í nóvember. En þurfum að passa að hafa sanngjarnt milli ára/árganga - hver á hefðin að vera?

Einstök atvik sem hafa komið upp nýlega

Ræðum ekki persónuleg mál á svona fundum, ekki foreldrafélagsins að blanda sér í einstaka tilvik, en frekar að ræða almennt ef það eru vandamál í skólanum og árgangafulltrúar geta stofnað til funda með sínum árgangi (foreldrum) til að ræða einstök mál sem koma upp (eða bara með þeim foreldrum sem eiga í hlut). Ræddum við Rósu fyrir fundinn og hún sagði að verið væri að vinna í þeim málum sem hafa komið í umræðu á foreldrasíðum síðustu 1-2 vikurnar.

Vinahópar

Rætt að vinhópar geti hjálpað á margan hátt:

- Nýir krakkar kynnast betur krökkunum og öfugt
- Krakkar sem eiga ekki leikfélaga eftir skóla styrkjast í þeim efnum
- Börn sem gætu átt vel saman en hafa “ekki fattað” að leika saman kynnast
- Góð leið til að vinna úr eineltismálum
- Foreldrar kynnast betur

Gangbrautarvarsla

Gangbrautarvarsla. Byrjar hún bara þegar það fer að dimma? Gæti það verið fjáröflunarleið fyrir 8.bekk f. 9.bekkjarferðina, eða 9.bekk fyrir útskriftarferðina? Hver myndi þá greiða þeim fyrir vörsluna?

Fyrirlestrar

Árgangafulltrúar mega endilega koma með hugmyndir að fyrirlesurum sem foreldrafélagið fær til að halda erindi í vetur